

Skipulags- og byggingarnefnd Skorradalshrepps 187. fundur

Þriðjudaginn 11. febrúar 2025 kl.10:00, hélt skipulags- og byggingarnefndar Skorradalshrepps fund á Hvanneyri. Þessir sátu fundinn: Pétur Davíðsson, Ástríður Guðmundsdóttir, Ingólfur Steinar Margeirsson og Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir.

Fundargerð ritaði: Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir, skipulagsfulltrúi.

Þetta gerðist:

Almenn mál

1. **Verkefnis- og matslýsing fyrir vinnslu Kerfisáætlunar Landsnets 2025-2034** - Mál nr. 2502004

Verkefnis- og matslýsing fyrir vinnslu Kerfisáætlunar Landsnets 2025 - 2034 er komin út, sjá á eftirfarandi slóð: <https://landsnet.is/utgafa-og-samskipti/frettir/frett/?documentid=21c7280f-29e3-4f66-b8ff-53ac983af8dd>. Í matslýsingu er meðal annars gerð grein fyrir meginforsendum kerfisáætlunar og hvernig efnistöku umhverfisskýrslu eru fyrirhuguð. Fram kemur hvaða þættir áætlunarinnar eru taldir að verði helst fyrir áhrifum, í hverju valkostagreinungum mun felast, hvaða gögn verða lögð til grundvallar ásamt matsspurningum og viðmiðum við mat á vægi og umfangi umhverfisáhrifa.

Megintilgangur umhverfismats kerfisáætlunar er að tryggja að tekið verði tillit til umhverfisjónarmiða við ákvarðanir um áætlunina, draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif og upplýsa um hugsanlegar afleiðingar kerfisáætlunar á umhverfið.

Kynning og samráð vegna umhverfismatsvinnu kerfisáætlunar er í samræmi við lög um umhverfismat áætlana og verða öll helstu gögn birt á www.landsnet.is. Hægt er að senda athugasemdir og ábendingar um matslýsingu á netfangið landsnet@landsnet.is, merkt "verk- og matslýsing".

Frestur til að senda athugasemdir er til með 7. mars 2025.

Skipulagsfulltrúa er falið að rýna verkefnis- og matslýsingu Kerfisáætlunar Landsnets 2025-2034 miðað við eldri umsögn sveitarfélagsins og vinna umsögn í samráði við nefndina fyrir 7. mars nk..

Skipulagsmál

2. **Vindorkugarður í landi Hæls og Steindórsstaða í Borgarbyggð, umhverfismat** - Mál nr. 2501001

Á 186. fundi nefndarinnar var skipulagsfulltrúa falið að vinna að umsögn í samræmi við umræður á fundinum.

Umsögnin lögð fram

Framkvæmdarleyfi

3. **Holtavörðuheildarlína 1** - Mál nr. 2205001


Borist hefur frá Skipulagsstofnun, viðbrögð Landsnets, við innsendum umsögnum

við umhverfismatsskýrslu Holtavörðuheildarlínu 1.

Viðbrögð lögð fram og kynnt. Teknar voru saman ábendingar nefndarinnar við viðbrögðum Landsnets og formanni nefndarinnar falið að senda þær til Skipulagsstofnunar.

**Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 11:15.**


Pétur Davíðsson


Ástríður Guðmundsdóttir


Ingólfur Steinar Margeirsson